

## Íþróttamiðstöðin Borg



### Vetraropnun

21. ágúst - 24. maí

Mánudaga - fimmtudaga kl. 14-22

Föstudaga **LOKAÐ**


Laugardaga – Sunnudaga kl. 10 -18

### Sumaropnun

25. maí - 18. ágúst

Mánudaga - föstudaga kl. 10 - 22

Laugardaga – Sunnudaga kl. 10 -19



Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Heimasíða: [www.gogg.is](http://www.gogg.is)

Netfang: [sundlaug@gogg.is](mailto:sundlaug@gogg.is)

Sími 480 - 5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.

Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.

Efni í blaðið berist fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng: [linda@gogg.is](mailto:linda@gogg.is)  
eða [gogg.is](http://gogg.is)



Maí 2019

# HVATARBLAÐIÐ

ALVÖRU SVEITADAGUR

## BORG Í SVEIT 1. júní



### TAKTU DAGINN FRÁ!

Þennan dag taka fyrirtæki, bændur og einstaklingar í sveitarfélaginu höndum saman, hafa opið hjá sér og bjóða gesti og gangandi velkomna í heimsókn. Nánari dagskrá auglýst síðar.

Tónleikar í  
Félagsheimilinu Borg  
Dúettinn  
Hundur í Óskilum  
kl: 20:30



Húsið opnar kl. 20:00

Kveðja, íbúar og fyrirtæki í  
Grímsnes- og Grafningshreppi





## FUNDARGERÐ.

453. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 3. apríl 2019 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir

Björn Kristinn Pálmarsson

Smári Bergmann Kolbeinsson

Ingibjörg Harðardóttir

Bjarni Þorkelsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir

### 1. Skóla- og velferðarþjónusta Árneshrepps.

*Á fundinn komu Hrafnhildur Karlsdóttir og Kolbrún Sigþórsdóttir frá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshrepps og fóru yfir stöðu mála í leikskóladeild Kerhólsskóla vegna úttektar sem sveitarstjórn óskaði eftir.*

### 2. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 20. mars 2019.

*Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 20. mars 2019 liggur frammi á fundinum.*

### 3. Fundargerðir.

#### a) Fundargerð 77. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 20. mars 2019.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*



# ÁRTANGI

Úrval af sumarblómum og kryddi.

Sjá nánar á nýju heimasíðunni  
okkar [artangi.is](http://artangi.is)

Verið hjartanlega velkomin.

Opið alla virka daga frá 10 - 16



669-0108

694-8405



## Sveitarfélagið auglýsir

Túnin vestan megin við stjórnsýsluhúsið,  
til heyskapað sumarið 2019.

Túnin eru u.þ.b. 25 hektarar að stærð og þar af eru  
12 hektarar góð tún og 13 hektarar heldur lakari.

Skila þarf inn skriflegri umsókn á netfangið:  
[gogg@gogg.is](mailto:gogg@gogg.is) í síðasta lagi 9. maí næstkomandi.

Dregið verður úr innsendum umsóknum  
10. maí klukkan 12:00.



**Hlaðborð í hádeginu  
aðeins 2.900 krónur**

*Opið alla daga vikunnar*

**HÓTEL  
GRÍMSBORGIR**  
LÚXUSGISTING - VEISLUR - FUNDARAÐSTAÐA

*Veitingastaður í hjarta Gullna hringsins.*

**b) Fundargerð 14. fundar umhverfisnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 18. febrúar 2019.**

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**c) Fundargerð 174. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 27. mars 2019.**

**Mál nr. 9, 10, 11, 12, 13 og 16 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.**

*Lögð fram 174. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 27. mars 2019. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;*

**Mál nr. 9: 1902056 - Öndverðarnes 2 lóð (Laxabakki) L170095; Endurbygging á lóð; Deiliskipulag.**

*Fyrir liggur umsókn frá Íslenska bænum í Austur Meðalholtum, dags. 7. febrúar 2019 um heimild til að deiliskipuleggja Öndverðarnes lóð 2 (Laxabakki) L170095, í Grímsnes- og Grafningshreppi. Í fyrirhuguðu deiliskipulagi verða sett ákvæði sem heimila endurbyggingu bátaskýlis og sumarhúss með viðbótum til að mæta nútíma kröfum um fristundahús. Jafnframt verða sett ákvæði um aðkomu og lagnaleiðir á lóð.*

*Sveitarstjórn hafnar umsókn um heimild til að deiliskipuleggja Öndverðarnes lóð 2 þar sem staðsetning lóðar er á svæði hverfisverndar og ekki liggja fyrir staðfest lóðarmörk.*

**Mál nr. 10: 1901008 - Öndverðarnes lóð 2 L170095; Laxabakki; Staðfest afmörkun og breytt heiti lóðar.**

*Fyrir liggur umsókn Hannesar Lárussonar f.h. Íslenska Bæjarins, dags. 7. febrúar 2019 um staðfestingu á afmörkun landeignarinnar Öndverðarnes lóð 2 L170095. Skv. hnitsettri afmörkun er lóðin 10.000m<sup>2</sup> og er í samræmi við skráða stærð í fasteignaskrá. Einnig er óskað eftir að landið fái heitið Laxabakki og liggur fyrir útskýring á hvaðan heitið er fengið.*

*Sveitarstjórn frestar staðfestingu á afmörkun lóðarinnar þar til fyrir liggur samþykki eigenda Öndverðarnes 2.*

**Mál nr. 11: 1903035 - Ásabraut 45 L202475; Breytt notkun lóðar úr fristundalóð í þjónustulóð og tilfærsla lóðamarka;**

Lögð er fram fyrirspurn Róberts G. Gunnarssonar, dags. 12. mars 2019 um breytta notkun lóðar úr frístundalóð í þjónustulóð og tilfærslu lóðamarka.

Sveitarstjórn hafnar breyttri notkun lóðar úr frístundalóð í verslunar- og þjónustulóð en felur skipulagsfulltrúa að ræða við umsækjanda vegna óska um tilfærslu á lóðamörkum.

**Mál nr. 12: 1903034 - Vatnsbrekka 1 L199296; Breytt stærð lóðar.**

Fyrir liggur umsókn Gunnars Jónassonar, dags. 12. mars 2019 um breytingu á stærð lóðarinnar Vatnsbrekku 1, L199296, í landi Nesja. Lóðin er skv. skráningu 74.000m<sup>2</sup> en skv. mælingum Péturs H. Jónssonar, sbr. lóðablað dags. 8. mars 2019 er rétt stærð lóðar 87.000 m<sup>2</sup>. Einnig er lagt fram undirritað fylgiskjal eigenda jarðarinnar Nesja ásamt eigenda aðliggjandi landeignar sem samþykki fyrir landamörkum.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afmörkun lóðarinnar og ekki eru gerðar athugasemdir við 13. grein jarðalaga.


**Mál nr. 13: 1903024 - Vesturkantur 6 (L169407); Umsókn um byggingarleyfi; Sumarhús auk stækkunar.**

Fyrir liggur umsókn Guðrúnar B. Ragnarsdóttur og Lárusar Ragnarssonar, dags. 1. mars 2019 um byggingarleyfi til að endurbyggja sumarhús auk stækkunar um 15 m<sup>2</sup> á sumarhúsalóðinni Vesturkantur 6 (L169407) í Grímsnes- og Grafningshreppi. Árið 2015 er þetta hús skráð rífið og tekið út úr fasteignaskrá. Umsækjandi hefur í stað þess að rífa húsið endurbyggt það auk þess að stækka án tilskilinna leyfa. Staðsetning hússins er á upprunalegum stað sbr. deiliskipulagsupphrátt en enginn byggingarreitur er á lóð 6. Lóð 6 og 6A skv. deiliskipulagi er í fasteignaskrá ein lóð alls 10.000 m<sup>2</sup>. Lóð 6A hefur ekki verið stofnuð.

Sveitarstjórn samþykkir umsóknina með fyrirvara um að gerð verði deiliskipulagsbreyting vegna lóðanna Vesturkantur 6 og 6A.

**Mál nr. 24: 1903006F – Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 19 – 97.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. mars 2019.



Saumakompan

TEK AÐ MÉR MARGSKONAR EINFALDAN SAUMASKAP

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642

### Boðað er til auka-aðalfundar Skógræktarfélags Grímsneshrepps þriðjudaginn 14. maí kl. 20.00 í Kerhólsskóla.

Tilfni fundarins er tillaga að breytingu á 4. gr. félagsins.

Í lögum félagsins segir í 9. gr.: „Lögum þessum verður ekki breytt nema á lögsmætum aðalfundi, með  $\frac{3}{4}$  greiddra atkvæða. Tillögum um lagabreytingar skal getið í fundarboði aðalfundar“.

Aðalfundur frá 11. apríl 2019 gerir eftirfarandi tillögu að breytingu á 4. gr. laga félagsins.

Hún hljóðar svo í dag: „Inngöngu í félagið fá þeir sem búsettir eru í Grímsnesi, eða hafa þar lögbylí“.

Breytingartillagan er að 4. gr. hljóði svo: „Inngöngu í félagið fá þeir sem hafa áhuga á að vinna að skógrækt á félagssvæðinu“.

Fundarmönnum er boðið í göngu kl. 19.30 um svæði væntanlegs yndisskógar á Borg áður en sest er inn á fund.

Dagskráin er stutt.

- Lagabreytingar

Stjórn Skógræktarfélags Grímsneshrepps



# FEÐGAVERK

Tökum að okkur STÓR og smá verk

- Jarðvinnu
- Tætingu
- Trjáskurlun
- Þökulagningu
- Bílaflutninga
- Jarðheflun
- Fólksflutninga
- Snjómokstur



**Jóhannes og Guðmundur**

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: [verktaki89@gmail.com](mailto:verktaki89@gmail.com)

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk

## Öll almenn lögfræðipjónusta

Málflutningur – Erfðaskrár – Kaupsamningar –  
Landskipti – Skaðabætur – ofl.

Sigurður Jónsson hrl. S: 893-6506

[siggi@landlogmenn.is](mailto:siggi@landlogmenn.is)

Sverrir Sigurjónsson hdl. S: 662-4422

[sverrir@landlogmenn.is](mailto:sverrir@landlogmenn.is)

**Land**  
LÖGMENN

Austurvegi 6, 800 Selfoss

d) Fundargerð oddvitaneftndar vegna reksturs Seyrustaða á Flúðum, 27. mars 2019.

Mál nr. 1 og 2 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð oddvitaneftndar vegna reksturs Seyrustaða á Flúðum, dags. 27. mars 2019. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

**Mál nr. 1: Verð í vinnu við undirstöður vegna aðstöðuhúss á Seyrustöðum að Flatholti 2, Flúðum.**

Fyrir liggur tilboð Landsstólpa ehf. í undirstöður undir aðstöðuhúsið á Seyrustöðum upp á rúmar 49 millj. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi tilboð.

**Mál nr. 2: Byggingarstjórn vegna vinnu við aðstöðuhús og undirstöður.**

Fyrir liggur tilboð í byggingarstjórn vegna byggingar hússins að Seyrustöðum frá Berki Brynjarssyni upp á 3,6 millj. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi tilboð.

#### 4. Borg í sveit.

Viðburðurinn Borg í sveit verður haldinn laugardaginn 1. júní 2019 í umsjón atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að umsjónaraðili fái greitt samkvæmt tímaskráningu.

#### 5. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Ásabraut 26, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 29. mars 2019 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Ásabraut 26, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir athugasemdir við að leyfið verði veitt þar sem lóðin er skipulögð sem frístundabyggð en ekki viðskipta- og þjónustulóð.

#### 6. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna tækifærisleyfis fyrir tímabundið áfengisleyfi í Félagsheimilinu Borg, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 28. mars 2019 um umsögn vegna tækifærisleyfis fyrir tímabundið áfengisleyfi í Félagsheimilinu Borg, dagana 24. og 25. apríl 2019. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt.

7. **Bréf frá Þóri Ólafssyni og Eiríki Benónýssyni f.h. Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga þar sem kynnt er verklag nefndarinnar með fjárfestingum og eftirlit með framvindu fjárfestinga á árinu 2019.**

Fyrir liggur bréf frá Þóri Ólafssyni og Eiríki Benónýssyni f.h. Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga dagsett 18. mars 2019 þar sem kynnt er verklag nefndarinnar með fjárfestingum og eftirlit með framvindu fjárfestinga á árinu 2019. Bréfið lagt fram til kynningar.

8. **Bréf frá Arnfríði Aðalsteinsdóttur sérfræðingi hjá Jafnréttisstofu þar sem óskað er eftir afhendingu á jafnréttisáætlun sveitarfélagsins ásamt framkvæmdaáætlun.**

Fyrir liggur bréf frá Arnfríði Aðalsteinsdóttur sérfræðingi hjá Jafnréttisstofu dagsett 19. mars 2019 þar sem óskað er eftir afhendingu á jafnréttisáætlun sveitarfélagsins ásamt framkvæmdaáætlun. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra / oddvita að senda jafnréttisáætlunina á Jafnréttisstofu.

9. **Afrit af bréfi frá Þjóðskrá Íslands þar sem kynnt er breytt fasteignamat eigna að Hestvíkurvegi 8, Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Fyrir liggur afrit af bréfi frá Þjóðskrá Íslands til eiganda eigna að Hestvíkurvegi 8, dagsett 18. mars 2019 þar sem kynnt er breytt fasteignamat eignarinnar. Bréfið lagt fram til kynningar.

10. **Bréf frá Jónu Garðarsdóttur f.h. Þjóðskrár Íslands þar sem sveitarfélaginu er boðið rafrænt eintak fasteignaskrár 2019.**

Fyrir liggur bréf frá Jónu Garðarsdóttur f.h. Þjóðskrár Íslands þar sem sveitarfélaginu er boðið rafrænt eintak fasteignaskrár 2019. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að keypt verði eintak.

# Vorfundur

## Kvenfélags Grímsneshrepps

Vorfundur félagsins verður haldinn þann 9. maí 2019 í Grænu könnunni á Sólheimum.

Fundur hefst kl. 18:30. Hvetjum ykkur til þess að mæta upp úr kl. 18 og skoða nýju húsakynnin.

Dagskrá: Léttur kvöldverður, kr. 2.500,- hugleiðsla og slökun með Kristínu Albertsdóttur.

Stjórnin



## Skógargöngur

Við ætlum að ganga saman í maí og júní.

16. maí, kl. 17:30. Gengið í Prastaskógi, hittumst á bílastæðinu við sjoppuna.

28. maí, kl. 17:30. Gengið um skógræktina á Snæfoksstöðum, hittumst við hliðið hjá skógræktinni.

6. júní, kl. 18:00. Gengið með Soginu og í nágrenni Markarinnar, hittumst við Mörkina.

Allir velkomnir, kvenfélagskonur.

## Nýjar úthlutunarreglur lýðheilsu- og tómstundastyrks Grímsnes- og Grafningshrepps

Grímsnes- og Grafningshreppur veitir foreldri / forráðamanni barna á aldrinum 5 - 18 ára og eldri borgurum 67 ára og eldri styrk til að stunda íþrótt-, æskulýðs- og menningarstarf. Meginreglan skal vera sú að skipulagt tómstundastarf nái yfir 6 vikur samfelld. Hægt er að ráðstafa styrk til greiðslu styttri námskeiða, enda uppfylli námskeiðið önnur skilyrði um styrkhæfi.

Að auki geta ungmenni í framhaldsskóla nýtt sér styrkinn til kaupa á árskortum í líkamsræktarstöðvar.

Tónlistarnám á vegum Tónlistarskóla Árnesinga fellur ekki undir styrkveitingu.

Skilyrði fyrir veitingu lýðheilsu- og tómstundastyrkja

- Að styrkþegi hafi lögheimili í Grímsnes- og Grafningshreppi.
- Að styrkþegi sé á aldrinum 5 - 18 ára eða 67 ára og eldri.
- Að um skipulagt starf/kennslu/þjálfun sé að ræða.
- Staðfesting á greiðslu/kvittun fylgi umsókn vegna lýðheilsu- og tómstundastyrkja. Á greiðslukvittun komi eftirfarandi fram: Nafn og kennitala félags, dags. greiðslu, fyrir hvað er verið að greiða, æfingatímabil, nafn og kennitala iðkenda.
- Styrkur getur aldrei orðið hærri en sem nemur æfingagjaldi/þátttökugjaldi viðkomandi íþrótt- eða tómstundagreinar.
- Lýðheilsu- og tómstundastyrki er ekki heimilt að færa milli ára. Styrkur fellur niður sé ekki um hann sótt á því ári sem styrkþegi stundar íþrótt/tómstundir.

Styrkur getur orðið að hámarki 40.000 kr. á ári.

Styrkumsækjandi skal skila inn þar til gerðu umsóknareyðublaði ásamt greiðslukvittun til skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Grímsnes- og Grafningshreppi 20. mars 2019

## 11. Bréf frá Ugga Ævarssyni f.h. Minjastofnunar Íslands vegna friðlýsingaráforma Gamla-Þingvallavegarins.

*Fyrir liggur bréf frá Ugga Ævarssyni, f.h. Minjastofnunar Íslands, dagsett 22. mars 2019 þar sem verið er að kynna friðlýsingaráform Gamla – Þingvallavegarins. Bréfið lagt fram til kynningar.*

## 12. Tölvupóstur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem kynnt er samfelld þjónustukort fyrir allt landið.

*Fyrir liggur tölvupóstur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 28. mars 2019 þar sem kynnt er samfelld þjónustukort fyrir allt landið og óskað eftir þátttöku sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka þátt í verkefninu og felur oddvita að skrifa undir og veita upplýsingar sem þarf.*

## 13. Tölvupóstur frá Ester Önnu Ármannsdóttur, sviðsstjóra hjá Skipulagsstofnun þar sem vakin er athygli á að lýsing fyrir gerð landsskipulagsstefnu um loftslag, landslag og lýðheilsu er til kynningar.

*Fyrir liggur tölvupóstur frá Ester Önnu Ármannsdóttur, dags. 20. mars 2019 þar sem vakin er athygli á að lýsing fyrir gerð landsskipulagsstefnu um loftslag, landslag og lýðheilsu er til kynningar. Lagt fram til kynningar.*

## 14. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni (neyslurými), 711. mál.

*Frumvarpið lagt fram til kynningar.*

## Til kynningar

- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga.  
Fundargerð 869. stjórnarfundar, 15.03 2019.
- ✓ Samtök orkusveitarfélaga, ársreikningur 2018.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:50



## FUNDARGERÐ.

454. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 17. apríl 2019 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir

Björn Kristinn Pálmarsson

Smári Bergmann Kolbeinsson

Ingibjörg Harðardóttir

Ragnheiður Eggertsdóttir í fjarveru Bjarna Þorkelssonar

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir

**1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 3. apríl 2019.**

2. *Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 3. apríl 2019 liggur frammi á fundinum.*

**2. Fundargerðir.**

- a) **Fundargerð 78. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 11. apríl 2019.**  
**Mál nr. 1, 3 og 6 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.**

*Lögð fram 78. fundargerð fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, dags. 11. apríl 2019.*

*Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;*

**Mál nr. 1: Skóladagatal 2019- 2020.**

*Skóladagatal 2019 – 2020 lagt fram til staðfestingar.*

*Sveitarstjórn samþykkir skóladagatal 2019-2020 samhljóða.*

## Spjaldtölvu og snjallsíma námskeið fyrir eldri borgara

Sveitarfélagið Grímsnes- og Grafningshreppur býður eldri borgurum að sitja námskeið um spjaldtölvu og snjallsíma **fimmtudaginn 9. maí milli 12:30 og 14:30.**

Farið verður yfir hvernig snjalltæki virka og hvernig nota má internetið sér til ánægju.

Hámark 8 manns í hóp.

Kennari verður Leifur Viðarsson en hann hefur haldið nokkur snjalltækjanámskeið, meðal annars fyrir eldri borgara.

Það þarf að skrá sig annað hvort með að hringja á skrifstofu sveitarfélagsins í síma 480-5500 eða senda tölvupóst á [oddviti@gogg.is](mailto:oddviti@gogg.is)





## Dagskrá í félagsstarfi eldri borgara í Grímsnes– og Grafningshreppi

Allir eldri borgarar með lögheimili í sveitarfélaginu eru velkomnir í gjaldfrjálsan mat í mötuneyti Kerhólsskóla.

Hádegisverður hefst klukkan 12:00 og er í boði alla virka daga. Jafnframt verður opið sérstaklega fyrir eldri borgara sveitarfélagsins í Íþróttamiðstöð og er tilvalið að nýta sér aðstöðuna þar samhliða því að mæta í mat. Samverustund er viðburður þar sem hægt verður að hittast, spjalla saman, fá lánaðar bækur og ræða daginn og veginn yfir kaffibolla.

### Fimmtudagur 2. maí

11:00 – 12:00 og 13:00 -14:00 Sundlaug og tækjasalur opin

### Þriðjudagur 7. maí

11:00 – 12:00 Íþróttasalur og tækjasalur opnir

### Fimmtudagur 9. maí

11:00 – 12:00 og 13:00 -14:00 Sundlaug og tækjasalur opin

12:30 - 14:30 Spjaldtölvu- og snjallsímanámskeið (þarfnast skráningar)

### Þriðjudagur 14. maí

11:00—12:00 Félagsvist með krökkunum í Kerhólsskóla

11:00 – 12:00 Íþróttasalur og tækjasalur opnir

### Fimmtudagur 16. maí

11:00 – 12:00 og 13:00 -14:00 Sundlaug og tækjasalur opin

### Þriðjudagur 21. maí

11:00 – 12:00 Íþróttasalur og tækjasalur opnir

### Fimmtudagur 23. maí

11:00 – 12:00 og 13:00 -14:00 Sundlaug og tækjasalur opin

12:30 – Samverustund í Félagsheimilinu Borg

### Þriðjudagur 28. maí

11:00 – 12:00 Íþróttasalur og tækjasalur opnir

### Sumarfrí í starfi eldri borgara frá 29. maí.

Minum á sumaropnun íþróttamiðstöðvarinnar sem hefst 28. maí

Mánudagar - föstudagar 10:00—22:00

Laugardagar og sunnudagar 10:00-19:00

### Mál nr. 3: Dagvistunargjöld.

Fræðslunefnd leggur til nýja dagvistunargjaldskrá fyrir leikskóladeild Kerhólsskóla.

Jafnframt er óskað eftir því að afsláttur milli leikskóla og fristundar sé samræmdur og tengdur saman. Einnig er lagt til að fæðisgjald í fristund verði fellt niður.

Sveitarstjórn þakkar fræðslunefnd fyrir góðar tillögur og mun hafa þær til hliðsjónar við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs.

### Mál nr. 6: Önnur mál.

Fræðslunefnd leggur til við sveitarstjórn að í næsta útboði skólaaksturs verði miðað við styttri hámarkstíma í skólabíl. Sveitarstjórn mun hafa þetta til hliðsjónar við næsta útboð.

### b) Fundargerð 175. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 10. apríl 2019.

#### Mál nr. 15 og 18 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 175. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 10. apríl 2019.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu fundargerðarinnar þar til samþykkt hennar liggur fyrir.

### c) Fundargerð 62. fundar stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs., 27. mars 2019.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

### d) Fundargerð 63. fundar stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs., 1. apríl 2019.

#### Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 63. fundargerð stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs., dags. 1. apríl 2019.

Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

### **Mál nr. 1: Starfsmannamál.**

*Stjórn UTU samþykkti með fyrirvara um staðfestingu aðildarsveitarfélaganna að formaður stjórnar Björgvin Skafti Bjarnason verði í 40% starfshlutfalli sem framkvæmdarstjóri embættisins, tímabundið.*

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða starfshlutfall formanns.*

**e) Fundargerð 64. fundar stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs., 10. apríl 2019.**

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**f) Fundargerð 4. fundar stjórnar Laugaráslæknishéraðs, 10. apríl 2019.**

**Mál nr. 1 og 2 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.**

*Lögð fram 4. fundargerð stjórnar Laugaráslæknishéraðs, dags. 10. apríl 2019.*

*Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;*

**Mál nr. 1: Ársreikningur 2018.**

*Lagður var fram ársreikningur Laugaráslæknishéraðs fyrir árið 2018.*

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða ársreikning 2018.*

**Mál nr. 2: Fjármál.**

*Oddvitanefnd leggur til við sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga að greiddar verði út 30.000.000.- úr sjóði Laugaráslæknishéraðs til aðildarsveitarfélaga samkvæmt skiptingu efnahagsreiknings.*

*Grímsnes- og Grafningshreppur 11,9% - 3.570.000*

*Bláskógabyggð 33,2% - 9.960.000*

*Hrunamannahreppur 30,0% - 9.000.000*

*Skeiða- og Gnúpverjahreppur 24,9% - 7.470.000*

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti að greiddar verði út 30 millj. úr sjóði Laugaráshéraðsins.*



## **Sumarstörf á Sólheimum**

### **Sláttur og umhirða útisvæðis**

Sólheimar ses. auglýsa eftir tveimur harðduglegum unglingum til þess að sjá um garðslátt og umhirðu útisvæðis að Sólheimum sumarið 2019.

Hægt er að hefja störf 20. maí eða eftir nánara samkomulagi.

Nánari upplýsingar veitir Jón Tryggvi Jóhannsson,  
launa- og mannauðsfulltrúi.  
Jon.johannsson@solheimar.is  
Sími: 422-6002



## Menningarveisla Sólheima 2019

Formleg opnun Menningarveislunnar verður **laugardaginn 2. júní kl. 13:00** við Grænu könnuna.

Í Grænu könnunni verður samsýning vinnustofa Sólheima. Þar hittum við talandi Páfagaukinn hana Emmu, sem er 14 ára gömul. Börn fá sykurlausan barnaís í brauðformi í tilefni dagsins.

**HVAÐ HEF ÉG GERT?** Mælum með að gestir leggi leið sína í Sesseljúhús og skoði sýninguna **Hvað hef ég gert?** - afleiðingar af hnattrænni hlýnun og mögulegar lausnir.

### Tónleikar í Sólheimakirkju

Fyrstu tónleikar sumarsins hefjast **kl. 14:00**. Aðgangur ókeypis. Að venju verða það íbúar Sólheima sem taka lagið með gestum. Hallbjörn Rúnarsson kannar hvort **leitinn að sumrinu** hafi borið árangur og fær til sín leikara úr Sólheimaleikhúsinu. Það hafa allir eitthvað um veðrið að segja.

**Kl. 15:00** verður hægt að kaupa sér góðar veitingar í kaffihúsinu Grænu Könnunni.

Þetta er í fjórtánda skiptið sem Menningarveisla Sólheima er haldin. Við bjóðum alla hjartanlega velkomna í Sólheima til þess að kynnst staðnum og fólkinu og gildum Sólheima sem við leitumst við að lifa og starfa eftir: **Kærleikur, virðing, sköpunargleði og fagmennska**. Við leggjum metnað okkar í að sem flestir finni sig hjá okkur og njóti verunnar.

### g) Fundargerð oddvita/sveitarstjóra í yfirstjórn velferðarmála í Árnesþingi (NOS), 27. mars 2019.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

*Sveitarstjórn vill koma á framfæri þakklæti til Maríu fyrir allt það góða starf sem hún hefur unnið í þágu skóla- og velferðarmála í Árnesþingi.*

### h) Fundargerð 6. fundar stjórnar Byggðasafns Árnesinga, 2. apríl 2019.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

### 3. Samningur við Pétur H. Jónsson vegna endurskoðunar aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps.

*Fyrir liggja drög að samningi við Pétur H. Jónsson, skipulagsfræðing og arkitekt vegna endurskoðunar aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps.*

*Sveitarstjóra falið að ganga frá samningnum og senda hann til Skipulagsstofnunar.*

### 4. Lækkun hámarkshraða við Úlfjótssvatn.

*Fyrir liggur beiðni Bandalags íslenskra skáta um lækkun á hámarkshraða við Útilífsmiðstöð skáta, Úlfjótssvatni úr 70 km/klst. niður í 50 km/klst.*

*Sveitarstjórn leggur til að Vegagerðin verði við beiðni Bandalags íslenskra skáta.*

### 5. Tölvupóstur frá Benedikt Kolbeinssyni þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins um að sérstök vatnsveita fyrir Neðra-Apavatn sé hagkvæmari en tenging við almenna vatnsveitu.

*Fyrir liggur tölvupóstur frá Benedikt Kolbeinssyni, dags. 11. apríl 2019 þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins um að sérstök vatnsveita fyrir Neðra-Apavatn sé hagkvæmari en tenging við almenna vatnsveitu.*

*Sveitarstjórn veitir jákvæða umsögn þar sem vatnsveita sveitarfélagsins nær ekki til Neðra-Apavatns.*

**6. Samningur um yfirtöku á götulýsingarkerfi Rarik í Grímsnes - og Grafningshreppi.**

*Fyrir liggur samningur frá Rarik um yfirtöku sveitarfélagsins á götulýsingarkerfi Rarik í sveitarfélaginu.*

*Sveitarstjóra falið að ganga frá samningi.*

**7. Ísland 2020 – atvinnuhættir og menning.**

*Fyrir liggur beiðni um þátttöku í útgáfu bókarinnar Ísland 2020, atvinnuhættir og menning.*

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka þátt í verkefninu.*

**8. Tölvupóstur frá Kjartani Þorkelssyni lögreglustjóra þar sem vakin er athygli á ráðstefnu um almannavarnir og skipulagsmál sem haldin verður á Hótel Selfossi 17. maí.**

*Fyrir liggur tölvupóstur frá Kjartani Þorkelssyni lögreglustjóra, dags. 9. apríl 2019, þar sem vakin er athygli á ráðstefnu um almannavarnir og skipulagsmál sem haldin verður á Hótel Selfossi 17. maí. Lagt fram til kynningar.*

**9. Tölvupóstur frá Sigurði Sigursveinssyni þar sem vakin er athygli á Aðalfundi Háskólafélagsins og málþingi þann 9. maí næstkomandi.**

*Fyrir liggur tölvupóstur frá Sigurði Sigursveinssyni, dags. 9. apríl 2019 þar sem vakin er athygli á Aðalfundi Háskólafélagsins og málþingi þann 9. maí næstkomandi. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Björn Kristinn Pálmarsson verði fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum.*

**10. Bréf frá Forsætisráðuneytinu þar sem boðað er til fundar 3. júní um málefni þjóðlendna.**

*Fyrir liggur bréf frá Forsætisráðuneytinu, dagsett 2. apríl 2019, þar sem boðað er til fundar 3. júní um málefni þjóðlendna á Gömlu Borg. Bréfið lagt fram til kynningar.*

Þann 21. mars síðastliðinn var haldið **íbúabíing** þar sem íbúum gafst kostur á að koma með sínar hugmyndir og skoðanir varðandi stefnur sveitarfélagsins í fræðslumálum, samgöngu- og umhverfismálum, atvinnumálum og íþrótt-, tómstunda- og lýðheilsumálum.

Umræðurnar voru liflegar og margir góðir punktar sem komu fram.

Ef það eru einhverjir sem ekki komust en vilja koma sínum skoðunum á framfæri þá er hægt að senda póst á [oddviti@gogg.is](mailto:oddviti@gogg.is) og þeim verður komið áfram á réttar nefndir. Síðan er verið að skoða það að þegar drögin að Samfélagsstefnunni verða klár þá verði aftur í boði fyrir íbúa að koma með athugasemdir.





## Garðeigendur í Grímsnes- og Grafningshreppi Ókeypis molta

Frá og með 7. maí býðst garðeigendur að nálgast moltu á Gámasvæðinu Seyðishólum þeim að kostnaðarlausu. Eina sem þarf að gera er að mæta á svæðið á opnunartíma með ílát eða kerru og skóflu og ná sér í moltu.

-Moltan er blanda af þeim lífræna úrgangi sem Gámapjónustan safnar hjá íbúum, fyrirtækjum og stofnunum, hrossataði og trjáúrgangi með búið er að fara í gegnum hitameðferð.

-Moltan þykir kraftmikill jarðvegsbætir sem gott er að blanda annarri mold í hlutföllunum 1/3 (1 hluti molta 2 hlutar mold) eða dreifa yfir beð og grasflatir í þunnu lagi.

-Moltan er afrakstur innlendar endurvinnslu.

## Sumaropnun

Sumaropnunartími gámostöðvarinnar  
Seyðishólum frá 1. maí til 31. ágúst

| Mánudaga | Þriðjudaga | Miðvikudaga | Fimmtudaga | Föstudaga | Laugardaga | Sunnudaga |
|----------|------------|-------------|------------|-----------|------------|-----------|
| Lokað    | 13-16      | Lokað       | 13-16      | 13-16     | 13-16      | 13-15     |

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámostöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní – Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladaðag – Annan í jólum og Gamlársdag.

**OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS  
ALLAN SÓLARHRINGINN**

## 11. Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk 2019.

Fyrir liggur bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dagsett 4. apríl 2019 um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk 2019. Bréfið lagt fram til kynningar.

## 12. Tölvupóstur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem kynnt eru helstu mál vorþings sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins 2019.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 12. apríl 2019 þar sem kynnt eru helstu mál vorþings sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins 2019. Lagt fram til kynningar.

## 13. Tölvupóstur frá Þroskahjálpi þar sem vakin er athygli á ráðstefnu um aðstæður fatlaðra barna af erlendum uppruna þann 2. maí.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Þroskahjálpi, dags. 11. apríl 2019 þar sem vakin er athygli á ráðstefnu um aðstæður fatlaðra barna af erlendum uppruna þann 2. maí. Lagt fram til kynningar.

## 14. Beiðni Atvinnuveganefndar Alþingis um umsögn á frumvarp til laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald (stjórnvaldssektir og eftirlit með gististarfsemi), 784. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

## 15. Beiðni Atvinnuveganefndar Alþingis um umsögn á frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum (tilvísun í stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku), 792. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

## 16. Beiðni Atvinnuveganefndar Alþingis um umsögn á frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum og lögum um Orkustofnun (EES-reglur, viðurlagaákvæði), 782. mál

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

17. Beiðni Atvinnuveganefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun nr. 26/148, um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, 791. mál.  
*Frumvarpið lagt fram til kynningar.*
18. Beiðni Utanríkismálanefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um ákvörðun sameiginlegu ESB-nefndarinnar, nr. 93/2017, um breytingu á IV. Viðauka (Orka) við EES-samninginn (þriðji orkupakkinn), 777. mál.

*Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps leggst gegn innleiðingu þriðja orkupakkans og hvetur þingmenn til að standa vörð um sjálfsákvörðunarrétt þjóðarinnar í orkumálum. Sveitarstjórn hugnast ekki að Evrópusambandið geti gert tilkall til þess að setja okkur reglur um orkunotkun, rekstur og viðhald raforkukerfisins þar sem Ísland er ótengt raforkumarkaði Evrópusambandsins. Ekkert bendir til að innleiðing þriðja orkupakkans lækki raforkuverð til heimila og fyrirtækja í landinu. Þvert á móti eru líkur á að raforkuverð hækki komi til lagningar sæstrengs í framtíðinni. Ráðherra fullyrðir að það sé ekkert sem skuldbindi Íslendinga til að taka á móti sæstreng frá Evrópu þrátt fyrir að hafa gerst aðili að sameiginlegum orkumarkaði í gegnum þriðja orkupakkann. Því spyr sveitarstjórn: Er Íslandi jafn stætt á því að banna lagningu sæstrengs innan sameiginlegs orkumarkaðar og að banna innflutning á sýklalyfjaónæmu kjöti?*

19. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarp til laga um lýðskóla, 798. mál.

*Frumvarpið lagt fram til kynningar.*

20. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarp til laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, 801. mál.

*Frumvarpið lagt fram til kynningar.*

21. Beiðni Atvinnuveganefndar Alþingis um umsögn á frumvarp til laga um dýrasjúkdóma o.fl. (innflutningur búfjárafurða), 766. mál.

## Vortiltekt

Lögbýlum og fyrirtækjum í Grímsnes- og Grafningshreppi býðst að fá til sín annars vegar járnagám og / eða timburgám í maí og júní

Miðað er við að hver gámur geti verið á staðnum í allt að 7 daga.

Panta þarf gámana annað hvort í síma 480-5500 eða með tölvupósti á [oddviti@gogg.is](mailto:oddviti@gogg.is)

Gámarnir eru endurgjaldslausir í tilefni af hreinsunarátakinu Hreint Suðurland sem Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur umsjón með.



### Bent er á eftirfarandi meginreglur um númerslausar bifreiðar, bílflok, kerrur, vinnuvélar og sambærilega hluti:

- Númerslausar bifreiðar, bílflok, kerrur, vinnuvélar og sambærilegir hlutir sem eru á almannafæri **utan einkalóða**, þar með talið almennum bílastæðum, telst alltaf til lýta þrátt fyrir ásigkomulag og mun fá álímdan miða, þar sem veittur er einnar viku frestur til að farlægja hið álímnda tæki.
- Númerslausar bifreiðar, bílflok, kerrur, vinnuvélar og sambærilegir hlutir sem eru **inni á einkalóð**, og eru til lýta eða valda mengunarhættu fyrir umhverfið, þrátt fyrir að vera á bílastæði, munu fá álímdan miða, ef ekki er talin þörf á að beita ákvæðum um lóðahreinsun, þar sem veittur er einnar viku frestur til að farlægja hið álímnda tæki. Embættið getur einnig beitt ákvæðum reglugerðar um hreinsun einkalóða til að fjarlægja númerslausar bifreiðar, bílflok, kerrur, vinnuvélar og sambærilega hluti.
- Númerslausar bifreiðar, bílflok, kerrur, vinnuvélar og sambærilegir hlutir og eru **EKKI staðsett á skilgreindu bílastæði einkalóðar**, telst alltaf til lýta þrátt fyrir ásigkomulag og mun fá álímdan miða, þar sem veittur er einnar viku frestur til að farlægja hið álímnda tæki.
- Númerslausar bifreiðar, bílflok, kerrur, vinnuvélar og sambærilegir hlutir sem eru inni á skilgreindu bílastæði einkalóðar og eru EKKI til lýta og valda EKKI mengunarhættu fyrir umhverfið, munu ekki fá álímdan miða frá Heilbrigðiseftirlitinu. Undantekning er þó þar sem húsfélag, leigufélag eða sambærilegt félag í fjöleignarhúsi biður um aðstoð frá Heilbrigðiseftirlitinu, en viðkomandi greiðir þá kostnaðinn við að fá hið álímnda tæki eða lausamun fjarlæggt.

### Kærur vegna ofangreindra atriða

Um valdsvið og þvingunarúrræði heilbrigðiseftirlits er vísað í gr. 60-61 laga nr. 7/1998. Heimilt er að kæra þessa málsmeðferð og aðgerðir Heilbrigðiseftirlitsins til sérstakrar úrskurðarnefndar sbr. 65. gr. laga nr. 7/1998. Slík kæra eða málsskot frestar þó ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

### Fyrirspurnir og/eða ábendingar

Vinsamlega hafið samband við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands með því að senda tölvupóst á [hsl\(hjá\)hsl.is](mailto:hsl(hjá)hsl.is) eða hringja í síma 450 8250

*Frumvarpið lagt fram til kynningar.*

### 22. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum (EES-reglur, stjórnvaldssektir o.fl.), 775. mál.

*Frumvarpið lagt fram til kynningar.*

### 23. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarp til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða, 778. mál.

*Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins.*

### Til kynningar

- ✓ Sorpstöð Suðurlands. Fundargerð 279. stjórnarfundar 09.04.2019.
- ✓ Heilbrigðisnefnd Suðurlands. Fundargerð 195. stjórnarfundar 10.04.2019.
- ✓ Ársskýrsla Byggðasafns Árnesinga 2018.
- ✓ Ársreikningur Lánasjóðs sveitarfélaga 2018.
- ✓ Ársskýrsla Sambands íslenskra sveitarfélaga 2018.
- ✓ Skýrsla afmælisnefndar aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:25

Íbúar Grímsnes- og Grafningshrepps geta sótt 8 lítra malspokana sem ætlaðir eru fyrir lífrænan úrgang í Sundlaugina á Borg þeim að kostnaðarlausu.



## Heilbrigðiseftirlit Suðurlands kynnir átakið **Hreint Suðurland** sem er hreinsunaráttak miðað að lóðum og lendum í umdæminu.



Átakið er áskorun til lóðarhafa, íbúa og landeigenda á Suðurlandi, að þeir gangi í það að hreinsa af lóðum sínum og lendum, allt það sem getur valdið ónæði, mengun eða lýti á umhverfinu. Jafnframt verður hægt að krefjast lagfæringa og viðgerða á lóðum, girðingum og mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir, auk þess sem heimilt er að láta fjarlægja númerslausar bifreiðar og bíflök og sambærilega hluti að undangenginni viðvörun á kostnað eigenda.

### Lóðahreinsun og númerslausar bifreiðar

#### Um ábyrgð eiganda eða umráðamanns húss, mannvirkis og/eða lóðar

Í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti segir í:

18. gr. 1. mgr.: „Eigandi eða umráðamaður húss eða mannvirkis skal halda eigninni hreinni og snyrtilegri ásamt tilheyrandi lóð og girðingum, þannig að ekki valdi öðrum ónæði“,

20. gr. 1. mgr.: „Bannað er að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma hluti, búnað eða tæki á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýti á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti“ og

21 gr. “Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta fjarlægja lausamuni, númerslausar bifreiðar, bíflök og sambærilega hluti á almannafæri að undangenginni viðvörun, svo sem með álímingarmiða með aðvörunarorðum”.

#### Heimildir heilbrigðisnefnda sveitarfélaga vegna

#### ákvörðunar um

**lóðahreinsun og/eða að láta fjarlægja lausamuni s.s. bíflök, brotajárn ofl.**

17. gr. (áður 16. gr.) reglugerðar nr. 737/2003, með síðari breytingum, um meðferð úrgangs segir:

„Umráðamönnum lóða er skylt að halda þeim hreinum og snyrtilegum.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með almennum þrifnaði og hreinlæti utanhúss og hlutast til um að fram fari eftir þörfum almenn hreinsun lóða og lendna í þrifnaðarskyni.

Nefndin getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóðum, girðingum og mannvirkjum, ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

Nefndinni er heimilt að fyrirskipa hreinsun lóða og lendna og ef sérstök ástæða er til niðurrif húsa og girðinga í niðurníðslu.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta fjarlægja númerslausar bifreiðar og bíflök og sambærilega hluti að undangenginni viðvörun, t.d. með álímingarmiða með aðvörunarorðum.

Heilbrigðisnefnd getur látið hreinsa einkalóðir á kostnað eigenda telji nefndin þess þörf vegna mengunar og óhollustu“.

### Lögveð í fasteign:

Bent er á að skv. 2. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998, með síðari breytingum, er kostnaður sem til fellur, tryggður með lögveðsrétti í húsi, lóð eða tæki.

Þetta þýðir að við lóðahreinsanir er Heilbrigðiseftirlitið með lögveð í lóð og fasteign og getur krafist uppboðs á eigninni til greiðslu fyrir vinnu og á útlögðum kostnaði.

**Sérstaklega um númerslausar bifreiðar, bíflök, kerrur, vinnuvélar og sambærilega hluti:**